

**Aðalfundur Fagraðs í nautgripærækt  
haldinn að Heimalandi undir Eyjafjöllum 6. mars 2011**

Mættir:

Guðný Helga Björnsdóttir Sigurður Loftsson

Þórarinn Leifsson

Sigurgeir Hreinsson

Gunnar Guðmundsson

Magnús B. Jónsson

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

Grétar Hrafn Harðarson

Þorsteinn Ólafsson

Fjarverandi:

Bragi Líndal Ólafsson

Björn Gunnarsson

Baldur Helgi Benjamínsson

**1. Umfjöllun um umsóknir í þróunarsjóð nautgripæræktarinnar**

*1.1 Yfirfærsla kynbótamats búffjár í DMU – Nautgripæræktarhluti.*

Um verkefnið hefur verið fjallað áður.

Greint er frá því að búið sé að ganga frá samningi við LbhÍ, þar er gert ráð fyrir að BÍ leggi fram 3,5 milljónir og að sótt verði í fagfé búgreina allt að 1,5 milljónir til viðbótar hjá hverri búgrein. Verkefnateymi BÍ og LbhÍ mun setja upp verkefnaáætlun sem unnið verði eftir.

Gert er ráð fyrir að lokið verði við þá vinnu sem hafin hefur verið við hrossaræktina og tengdist verkefni Elsu Albertsdóttur. Þar á eftir er gert ráð fyrir að hafist verði handa við yfirfærslu kynbótamats í nautgripærækt og gera fyrstu áætlanir ráð fyrir að þeirri vinnu ætti að ljúka með keyrslu kynbótamats í nýju kerfi vorið 2012.

Samningur við skólann er í raun tvíþættur. Hluti er yfirfærsla en síðan er trygging fyrir áframhaldandi þróun. Gert er ráð fyrir að 1,5 milljón ætti að nægja til yfirfærslu en 3,5 milljónir frá BÍ tryggi að þróunarvinna fari af stað. Önnur verkefni sem kæmu upp yrði að sækja um sérstaklega þegar að þeim kemur.

Samþykkt að veita allt að einni og hálfri milljón til verkefnisins sem greiðist samkvæmt unnum verkefnum.

*1.2 Betri bústjórn*

Verkefnið hefur einnig verið rætt í fagraði. Áður hafði skort á sundurgreiningu á kostnaði sem nú hefur borist.

Verkefnið felst í að tengja saman mismunandi hugbúnað til að öðlast betri yfirsýn yfir rekstrarþætti búa. Óskað er eftir 1,1 milljón úr fagfé nautgripæræktarinnar. Einnig er sótt í fagfé annarra búgreina. Telja fagraðsmenn að verkefnið sé nauðsynlegt og samþykkja að veita umbeðna upphæð til verksins með fyrirvara um að allar forsendur sem upp gefnar eru í umsókn standist.

*1.3 Könnun á samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar í ljósi breytinga á framleiðsluumhverfi, bæði hvað varðar markaðsmál og loftslagsbreytingar.*

Fagrað telur verkefnið að mörgu leiti áhugavert og telja mikilvægt að þetta sé skoðað með framtíð íslensks landbúnaðar í huga. Þó telja menn að verkefni sem þetta sé fremur hluti af

heildarstefnumótun í landbúnaði. Eðlilegra sé að líta á þetta sem heildstætt verkefni á sviði landbúnaðar og skuli fjármagnast sem slíkt. Einstakar búgreinar væru frekar tilbúnar að leggja til eitthvað fjármagn á þeim forsendum. Einnig ræða menn um að staða og hlutverk verksala sé óljós samkvæmt umsókninni. Frumkvæðið komi þarna frá verkkaupnum. Skýra þurfi betur hverjir hagsmunir verkkaupans eru, t.d. hverjir geti nýtt sér niðurstöðurnar og á hvaða hátt. Umsögn um verkefnið: Verkefnið áhugavert en fellur ekki undir verkefnaramma fagráðs í sínum þrengsta skilningi. Eðlilegra væri að verkefnið yrði tekið fyrir þvert á allar búgreinar með samstarfi afurðaiðnaðarins. Fagráð er þó tilbúið að taka verkefnið til endurskoðunar sé þess óskað og endurskoðuð umsókn berist. Ekki er samþykkt að veita fé í verkefnið að þessu sinni.

#### *1.4 Kornkynbætur og kornrækt.*

Hér er um að ræða verkefni sem er á sviði jarðræktar en þar sem korn er mikilvægur hluti af fódri nautgripa kemur hún til álita inn í fagfé nautgriparæktarinnar. Við niðurskurð Framleiðnisjóðs er viðbúið að umsóknir sem þessar komi í auknum mæli inn til fagráða.

Í þessu tilfelli er um að ræða að sótt er um fé til að dekkja kostnað við ferðir vegna dreifðra tilrauna. Óljóst er hvort hægt verið að sinna þessum tilraunum fáist ekki fjármagn í verkið. Fagráðsmenn eru sammála um að vinna sú sem unnin hefur verið varðandi kornkynbætur á Íslandi hafi skilað miklu fyrir íslenska nautgriparækt. Mikilvægt sé að auka hlutdeild innlends fódurs og því sé áframhaldandi vinna á þessu sviði mjög nauðsynleg fyrir greinina. Sótt er um 1500 þúsund krónur. Í umsókn er gert ráð fyrir 20% álagi ofan á tilgreindan kostnað.

Lagt til að verkefnið sé styrkt um 1200 þús krónur. Er það í samræmi við fyrri ákvarðanir Fagráðs þar sem áður nefnt álag ofan á kostnað er undanskilið.

#### *1.5 Vefútgáfa nautakjötshluta íslensku kjötbókarinnar.*

Þetta er verkefni sem á að haldast innan markaðsmála og er vísað frá fagráði á þeim forsendum.

## **2. Staða efnagreininga vegna NorFor fóduráætlanagerðar**

Á fundinn koma Ágúst Sigurðsson og Jóhannes Sveinbjörnsson frá LbhÍ.

Staða efnagreininga hefur komið til kasta Fagráðs áður. Nú er spurt hvernig gangi að leysa málin. Ágúst og Jóhannes fara yfir stöðu mála hjá Landbúnaðarháskólanum: Málið eigi sér í raun langa sögu en skólinn beri ákveðna ábyrgð í málinu og harma þeir það. Líklega hafi menn vanáætlað tíma í upphafi varðandi hversu langan tíma það tæki að klára verkefnið. Vinna hefur verið í gangi hjá LbhÍ við að leysa úr þessu og nú sé staðan sú að efnagreiningar séu á leið á einn stað á Hvanneyri. Sú vinna er komin nokkuð langt en markmið með þessu sé að þjappa þeim saman sem vinna að verkefniinu. Nýr maður hefur verið ráðinn sem er efnaverkfræðingur. Honum er ætlað að halda utanum alla þjónustu hvað þetta varðar. Þetta byggi undir að skólinn geti staðið við sitt hvað varðar efnagreiningar.

Tekið er fram að upprunalega verkáætlunin hafi gert ráð fyrir samvinnu BÍ og LbhÍ. Sumt hafi verið alfarið í verkahring Bændasamtakanna, sumt eingöngu hjá skólanum auk þess sem einhverjir hlutar verksins hafi átt að vinnast sameiginlega. Tekið er fram að skólinn hafi komið að menntun varðandi fódurfræði og þróun efnagreininga að þörfum NorFor.

Aðallega sé um þrjá þætti að ræða sem snúa að NorFor. 1. Mælingar á tréni sem séu nú klárar. 2. Mælingar á ómeltanlegu tréni sem byggi á greiningum með vambaropskúm. 3. Mælingar á leysanlegu próteini.

Síðastnefndu tveir liðirnir hafa gengið hægt en búið er að ljúka þeim mælingum sem til þarf svo aðeins á eftir að ganga frá niðurstöðunum svo hægt sé að nota þær við efnagreiningarnar.

Stendur til að gera það á næstu vikum. Ekkert bendir til annars en að þetta verði í lagi frá og með þessari vertíð.

Spurt um tímaramma á greiningu sýna.

Miðað við 4 vikur í almennum efnagreiningum sem hefur nokkuð staðist síðustu árin. Greiningar í NIR-tæki taka ekki lengri tíma og ætti að geta gengið á sama hraða. Óvissupáttur er ef um sértækar mælingar er að ræða t.d stæðuvothey þar sem bæta þarf inn mælingum um gerjunarþætti. Rætt er um að mikilvægt sé að skipulagið sé öflugt ábyrgt og einfalt. Helst þyrfti að stytta tímunn ef mögulegt er og setja raunsæja verðlagningu. Til þess þurfi að skipuleggja vinnuna út frá álagi og reyna að stýra og dreyfa álaginu eins og kostur er.

Einnig er spurt um kostnaðarhugmyndir og hvort raunhæft sé að gögnum verði skilað inn í FAS í haust. Jafnframt hver staðan er á greiningum á krosssýnum.

Greiningar á krosssýnum: Starfsmaður LbhÍ er á leið erlendis að kynna niðurstöður. Gögn inn í FAS: Fundir með tölvudeild eru á dagskrá varðandi það. Kostnaður: Verður haft eins ódýrt eins og hægt er. Fundarmenn eru sammála um að aðkoma Landbúnaðarháskólans sé mikilvæg til að viðhalda grunnþekkingu í landinu á þessu sviðið.

### **3. Önnur mál.**

a. Styrkur fyrir sérhæft námskeið frá Sigríði Bjarnadóttur. Erindið barst rétt fyrir fundinn, ákveðið er að Guðný sendi tölvupóst til fundarmanna um málið og það verði skoðað.

b. Áframhaldandi þróun á HUPPU. Ekki er búið að ganga frá áætlun 2011. Sú vinna er í gangi og verður lagt fyrir Fagråd á næsta fundi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

/GEH